

Fundargerð

20. fundur í ÍTN haldinn í Veri þann 9. apríl 2008 kl. 17:00.

Mætt. Linda E. Phersson, Árni Davíð Haraldsson og Sóley Vífilsdóttir.

Dagskrá.

Til kynningar:

- Samþykkt hreppsnefndar. Linda útskýrði málið.
- Heilsuverndarstöðin – Ungt fólk og vinnuvernd.

Stefnt að því að halda námskeið í upphafi vinnuskólans um líkamsbeitingu og vinnuvernd í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

- Nýstofnaður vélhjólaklúbbur.

Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með frumkvæði þetta, þ.e. stofnun klúbbsins. Teljum við staðsetninguna góða en varðandi aðkomuna verður þó að hafa í huga að ekið er í gegnum íbúabyggð og hesthúsahverfi.

Til umfjöllunar:

- Sportver – viðhald - starfsemi og fl.

Eyþór – starfsemi hefðbundin. Sundleikfimin í góðum gír. Frjálsíþróttæfingar allar helgar í apríl, góðir hlutir í gangi þar leikir og þrekæfingar. Óskir varðandi morgunsund ræddar og getur fólk snúið sér til Eyþórs. Sumaropnun byrjar um 17. júní, opið laugardaga og sunnudaga til kl. 17:00. Varðandi viðhald þá verður eitthvað málað í sundlaugarrými. Heilbrigðisfulltrúi kom í heimsókn í Ver þann 10. mars s.l.

- Þessum lið frestað vegna fjarveru formanns UMFL.
- Hátíðahöld í Langanesbyggð.

Eggjaháðið. Ákveðið að ræða við slysavarnarfélagið varðandi framkvæmd, hvort halda skuli daginn aftur í samstarfi við Sjómannadag. Eins að tala við Eyrina.

- Félagsmiðstöðin og Kátir dagar.

Oddur sagði frá klúbbastarfsemi og fleiru í Svartholi. Kátir dagar áætlaðir 17. – 20. júlí vinna í fullum gangi og hugmynd að dagskrá komin.

- Sumarið 2008 í Langanesbyggð.

Ákveðið að gefa út lítinn bækling um starfsemi, afþreyingu uppákomur sumarið 2008 í Langanesbyggð.

- Önnur mál.

- a) Félagsmiðstöðin (8. – 10. bekkur) boðið að taka þátt í stuttmyndafestivali. Á undirbúningstímanum er boðið upp á námskeið í stuttmyndagerð. Keppni byrjar haustið 2008. Oddur ætlar að athuga þátttöku hjá unglíngunum og athuga málið betur.
- b) Boðið verður til stofnfundar golfklúbbs nú í apríl.

Fundi slitið kl. 18:23.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.